

Borgarráð

Tillaga um lántökur vegna framkvæmda á árinu 2020

Lagt er til að borgarstjórn samþykki lántökur á árinu 2020 að fjárhæð 6.000 mkr vegna áformaðra framkvæmda og fjárfestinga á árinu 2020. Jafnframt er lagt til að veita sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs umboð f.h. Reykjavíkurborgar til þess að undirrita nauðsynlega gerninga sem tengjast skuldabréfaútgáfu borgarsjóðs, sem og til þess að taka á móti og undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökum þessum, enda verði einstakar lántökur lagðar fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Greinargerð:

Tillagan miðast við að fjármagna 31% af brúttó fjárfestingum ársins 2020 með langtímalánum, og 24% árið 2021 og 22% árið 2022. Frá og með árinu 2023 hefjast hreinar niðurgreiðslur á skammtíma og langtímalánum eins og kemur fram í töflunni að neðan.

Lántaka A-hluta	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals 2020-2024
Ný langtímalán	6.000	4.500	4.000			14.500
Afborganir langtímalána	-1.648	-1.914	-1.903	-2.026	-2.108	-9.599
Ný skammtímalán		1.500	500			2.000
Afborganir skammtímalána				-1.000	-1.000	-2.000
Nettó lántaka	4.352	4.086	2.597	-3.026	-3.108	4.901
Handbært fé í árslok	7.172	7.389	7.607	7.577	10.229	

Eins og taflan hér að ofan sýnir er nettó lántaka tímabilsins 2020-2024 um 4.901 mkr. en handbært fé í lok tímabilsins 10.229 mkr. þannig að rými er fyrir hraðari niðurgreiðslu skulda en hér er gert ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir að fjármögnun fjárfestinga fari aðallega í gegnum eftirtalda skuldabréfaflokka borgarsjóðs:

- RVK 32 1 sem er millilangur verðtryggður skuldabréfaflokkur.
- RVKN 35 1 sem er óverðtryggður millilangur skuldabréfaflokkur.
- RVKG 48 1 sem er langur verðtryggður grænn skuldabréfaflokkur sem fjármagnar umhverfissvæn verkefni.
- RVK 53 1 sem er langur verðtryggður skuldabréfaflokkur.

Allir ofangreindir skuldabréfaflokkar eru í kauphöll með viðskiptavakt að undanskildum RVKG 48 1 en fyrirhugað er að viðskiptavakt með hann hefjist á árinu 2020.

Komi til þess að alþingi samþykki að fella niður fjármagnstekjuskatt á sveitarfélög kemur til álita að Reykjavíkurborg taki lán til viðbótar ofangreindu til að endurlána til Félagsbústaða vegna uppbyggingar á félagslegu húsnæði.

Dagur B. Eggertsson